



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun nýbyggingar
Bláa lónsins
25. október 2007**

Heiðruðu hátíðargestir.

Þegar bæjarstjórnin í Grindavík ákvað á sínum tíma að leiða heitt vatn í húsinn hefði fæsta grunað að það yrði upphaf að ævintýri, nýjum þætti í ásýnd Íslands, áfangastað, táknmynd heilbrigðis og hreinnar orku, undraveröld sem erlendum gestum fyndist líkust álfabyggð eða gjörningagaldri sem Shakespeare lýsti í frægu verki.

Mér er enn í fersku minni þegar við sátum nokkrir saman í vinnuskúr hér úti í hrauni fyrir um fimmtán árum og hlýddum á framtíðarsýn athafnamanna, drauminn um heilsulind, nýja stoð í þjónustu við ferðamenn, stórhuga áform sem þá virtust kannski býsna langsótt.

En Bláa lónið varð að veruleika og sigurgangan óstöðvandi, heimsfrægðin orðin hversdagsleg og nú fögnum við nýjum áfanga, listrænu afreki í húsagerð.

Bláa lónið er orðið öflugt tákn fyrir Ísland okkar tíma, um nýtingu orkunnar úr iðrum jarðar, ekki aðeins til að framleiða rafmagn eða hita húsinn, heldur líka til að þróa heilsulindir, líkna sjúkum, framleiða snyrtivörur, skapa góðum gestum einstæða reynslu. Það er orðið einn styrkasti burðarásinn í ferðaþjónustu, vaxandi atvinnugrein sem á ári hverju færir Íslendingum sífellt meiri tekjur.

Á undanförunum árum hef ég víða farið til að fjalla um framlag Íslands til að breyta orkubúskap fjarlæggra landa og draga þar með úr hættunni á umturnun loftslags og lífshátta jarðarbúa; nú síðast til Kína, Kaliforníu og allt norður til Alaska. Um allan heim þekkja menn nú árangur Íslendinga og æ fleiri sækjast eftir samstarfi við okkar fámennu þjóð, frumkvöðla og sérfræðinga.

Alls staðar kveður við sama tón. Bæir og borgir, héruð og þjóðlönd í austri og vestri, norðri og suðri vilja nýta orkuna í iðrum jarðar og sjá í því margháttuð tækifæri; Bláa lónið ætíð nefnt sem fyrirmynd.

Það er erfitt að gera sér fulla grein fyrir því hve margslunginn hróður Bláa lónsins er orðinn, hve víða hann hefur borist og hve mikilvægur árangurinn sem hér hefur náðst er í alþjóðlegum málflutningi um hagsmuni Íslands.

Um það get ég með gleði borið vitni, ekki aðeins í ljósi viðræðna við þjóðarleiðtoga og áhrifafólk víða um heim, samræðna á ráðstefnum og málþingum í mörgum löndum, heldur líka í krafti viðbragðanna sem ætíð verða þegar við Dorrit komum hingað með erlenda gesti; heimsóknin í Bláa lónið löngum smiðshöggið sem tryggir að Íslandsheimsókn verður árangursrík.

Reyndar er það svo að Bláa lónið skipar sérstakan sess í lífi okkar hjónakorna því þegar Dorrit kom fyrst til Íslands tók ég hana með í vígslu Bláa lónsins. Þá vissi enginn, kannski sem betur fer, hver hún var eða hvað myndi fylgja í kjölfarið. Bláa lónið tryggði hins vegar að hún varð undurhrifin af Íslandi, náttúrunni og galdrinum sem hér var framinn í arkitektúr og heilsulind og ég fékk svo að fljóta með sem eins konar viðhengi við þá undraveröld sem Bláa lónið birti henni.

Það er því mikil gleði fyrir okkur bæði að koma hér enn á ný og taka þátt í því með ykkur að fagna nýjum áfanga á sigurbraut Bláa lónsins.

Ég óska öllum aðstandendum, stjórnendum og starfsfólki, arkitekt, hönnuðum, verktökum og iðnaðarmönnum til hamingju með þessa glæsilegu viðbót og veit að hún mun efla enn frekar hróður lónsins, færa því æ fleiri tækifæri.

Mér er heiður að ganga nú til þess verks að leggja hornstein að byggingunni og Dorrit gleðiefni að kveikja þvínæst á listaverki Rúríar.

Með þessu ávarpi flyt ég ykkur einnig hamingjuóskir og þakkir Íslendinga. Árangur ykkar er okkur öllum til sóma.